

Greining og könnun á störfum og starfsumhverfi bæjarfulltrúa Garðabæjar



Garðabær

Verkefnið

Tilgangur verkefnisins er að bæjaryfirvöld Garðabæjar geri sér betur grein fyrir störfum og starfsumhverfi bæjarfulltrúa og átti sig betur á umfangi starfsins og mismunandi kröfum í ólíkum hlutverkum.

Greining verkefnisins byggir á viðtölum, könnun, upplýsingaöflun frá sambærilegum sveitarfélögum og samanburður við þau auk annarra upplýsinga sem koma að góðum notum.

Í lokin eru niðurstöður dregnar saman og tillögur settar fram.

Greining

Viðtöl

Í viðtölunum var reynt að ná utan um hver væru helstu verkefni bæjarfulltrúa og forseta, bæjarráðsfulltrúa og formanns bæjarráðs sem og formanna nefnda.

Bæjarstjórn:

Almennt er samræmi á milli svara þannig að helstu verkefni væru fundirnir sjálfir, undirbúningur undir þá, ýmsir fundir innan hópa, mætingar á ýmsa viðburði, samskipti, greinarskrif og samráðs ýmis konar. Nokkuð samræmi er á milli bæjarfulltrúa varðandi heildartímafjölda sem fer í vinnu sem bæjarfulltrúi og er rætt um að það sé að meðaltali um 32 klst. Meiri vinna er að vera forseti bæjarstjórnar en eingöngu fulltrúi í bæjarstjórn.

Bæjarráð

Fundir bæjarráðs eru tíðari en önnur vinna minni, þó undirbúningur sé svipaður. Önnur vinna en fundarseta og undirbúningur funda flokka bæjarfulltrúar meira undir vinnu bæjarfulltrúa og er því vinna að meðaltali talin minni, eða um 23 klst. Almennt telja bæjarfulltrúar sem ekki sitja í bæjarráði sig þurfa meiri undirbúning undir bæjarstjórnarfundi en þeir sem þar sitja. Mikil vinna liggur að baki þess að vera formaður bæjarráðs.

Nefndir:

Umfang nefndarstarfa eru að mati all flestra mjög mismunandi eftir nefndum og mætti því skoða að greiða mismunandi eftir umfangi. Flestir eru sammála að formennska nefndar er töluvert meiri en almennt nefndarstarf.

Skilvirkni:

Almennt eru bæjarfulltrúar sammála um að skilvirknin sé mikil, fundir vel skipulagðir, tímasetningar standast og upplýsingar aðgengilegar. Þó kom ábending hjá nokkrum að þegar málum er vísað til embættismanna þá er oft erfitt að átta sig á framgangi eða fylgjast með gangi og eins gætu ákvarðanir oft komist fyrir í framkvæmd. Minnisblöð voru oft sett fram hér áður fyrir um stöðu mála og nokkrir nefndu að það yrði til bóta. Aðrir nefndu að gott væri að fá fundargögn fyrir. Einnig komu

ábendingar um að eflaust mætti rafræn notkun í samskiptum við bæjarbúa vera meiri. Minnihlutinn telur að skilvirkni þeirra gæti aukist með því að koma fyrir að borði t.d. við gerð fjárhagsáætlunar. Þeir flokkar sem ekki eru með aðila í nefnd telja mikilvægt að hafa áheyrnarfulltrúa til að upplýsingastreymi verði betra. Tíðrætt var um byggðasamlögin; slökkvilið, Sorpu og Strætó, og því velt upp hvort bæjarstjóri ætti að sitja í stjórnun þessarra byggðasamlaga.

Greiðsla:

Í viðtölum var rætt hvort greiðsla væri í samræmi við umfang og hver hún ætti að vera. Í framhaldi var send út könnun til bæjarfulltrúa, en þar koma fram nákvæmari svör en í viðtölum.

Hlunnindi:

Mjög mismundi skoðanir eru á því hvaða hlunnindi eigi að vera til staðar fyrir bæjarfulltrúa. Allir eru sammála að Ípad sé til mikilla bóta. Nokkrir nefndu áhuga á að hafa tölvur, aðrir nettengingar, síma og einnig nefnt aðstöðu fyrir fulltrúa að funda vegna undirbúnings undir fundi á vegum bæjarins. Svörin virðast fara eftir því hvað bæjarfulltrúar fá frá sínum vinnuveitendum í öðru starfi.

Af hverju gefa menn kost á sér í bæjarstjórn:

Allir bæjarfulltrúar nefndu að ástæða fyrir því að þeir gáfu kost á sér í bæjarstjórn væri áhugi á að láta gott af sér leiða og töldu ekki að laun hefðu þar úrslitaáhrif. Þó kom fram hjá nokkrum bæjarstjórnarmönnum að þar sem mikill tími væri í verkefnin þá hefðu þeir áhrif á getu til að afla tekna annarsstaðar. Mikilvægt sé að halda fjölbreytileika innan hópsins var skoðun sem kom oft fram og því megi kjör ekki draga úr því að einstaklingur gefi kost á sér.

Annað:

Svo virðist sem ekki sé greitt fyrir tímabundnar nefndir/ráð/hópa sem bæjarstjórn skipar og nefndu nokkrir bæjarfulltrúar það. Mikilvægt er að skoða þau mál betur og setja reglur um greiðslur fyrir þær nefndir ef vilji er fyrir því, sérstaklega þegar um umfangsmikla nefnd er að ræða.

Könnun

Send var út könnun á bæjarfulltrúa og bæjarstjóra að loknum viðtölum. Spurningarnar voru samdar með það í huga að fá skýrari línur eftir viðtöl. Segja má að það hafi verið raunin. Könnunina má í heild sinni sjá í **viðhengi 1**.

Starfshlutfall

Tæplega 60% svarenda, eða sjö aðilar, töldu að starfshlutfall bæjarfulltrúa sé 25-40%, einn aðili að það væri meira en það, rúmlega þrjátíu prósent að það sé 10-25%.

Greiðsla fyrir starf bæjarfulltrúa

Rúmlega 40% svarenda telja að greiða eigi 200 – 300 þús á mánuði til almenns bæjarfulltrúa. Sami fjöldi telur að laun eigi að vera á bilinu 300 – 500 þús.

Breytingar á launum bæjarfulltrúa

Tæplega 60% telur að hækka eigi laun bæjarfulltrúa nokkuð eða verulega. Rúmlega 40% telur að launin eigi ekki að taka breytingum.

Hvað á að miða við vegna breytinga á launum bæjarfulltrúa

Tæplega 60% telur að breytingar á launum eigi að taka mið af breytingu á launavísitölu, 25% að breytingar eigi að taka mið af breytingum á þingfarakaupi. Aðrir töldu viðmiðin eigi að taka mið af öðru.

Umfang nefnda

Svarendur eru flestir með svipaðar skoðanir á hvaða nefndir eru umfangsmestar, allir sammála að skipulagsnefnd sé ansi umfangsmikil og um helmingur skólanefnd grunnskóla.

Svarendur voru beðnir að raða nefndum eftir umfangi. Sex svöruðu þessum þætti, allir nefndu skipulagsnefnd sem umfangsmestu nefndina og fjórir að skólanefnd væri næst umfangsmest.

Hvernig nefndargreiðslum er háttað

Helmingur svarenda telur að greiða eigi fastar mánaðargreiðslur og síðan greiða fyrir hvern fund þó þannig að mismunandi greiðsla sé eftir umfangi nefnda. 25% telja að það eigi að vera sama fyrirkomulag og núna þ.e. að greidd séu föst mánaðargreiðsla og síðan greiðsla fyrir hvern fund.

Vinnuframlags formanna og forseta

Ábending kom fram varðandi spurninguna um vinnuframlag formanns bæjarráðs, forseta bæjarstjórnar og formanns nefndar, að þessi hlutverk séu alls ekki sambærileg og því erfitt að svara þessari spurningu. Það skal haft í huga þegar horft er á svörin.

33% telja að um sé að ræða 25% meira vinnuframlag og sami fjöldi telur að vinnuframlag sé 50% meira. Tæplega 17% telja vinnuframlag 75% meira eða 100% meira.

Þróun og samanburður

Eðilegt er að skoða sveitarfélög sem eru svipuð að stærð og Garðabær þegar gerður er samanburður. Flokkurinn sem Samband íslenskra sveitarfélaga miðar við er 15 þús íbúar og fleiri.

Þegar horft er til launa bæjarfulltrúa eru meðallaun þeirra í fimm sveitarfélögum (Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjanesbær) 249.543,- Garðabær greiðir bæjarfulltrúum 199.553,- eða 80% af meðaltalinu. Garðabær er nær meðaltali í greiðslum til bæjarráðsfulltrúa en þar eru mánaðarlaun bæjarráðsmanna 232.812,- en meðaltalið 253.741,-. Garðabær greiðir þar 91,7% af meðaltali. Þess skal þó geta að Hafnarfjörður sker sig úr hvað varðar lágar greiðslur til bæjarráðsmanna sem hefur áhrif á meðaltal. Hjá Reykjanesbæ eru bæði greidd föst greiðsla og síðan pr fund. Tekinn var meðalfjöldi funda pr mánuð þegar fundinn var mánaðargreiðslan hjá þeim til að hafa tölur samanburðarhæfar.

Þegar horft er til greiðslu nefndarfunda þá var talið rétt að setja fram upplýsingar pr nefndarfund. Misjafnt er eftir sveitarfélögum hvort greiddar eru fastar greiðslur eða pr fund eða bæði. Skoðað var meðalfundarfjöldi og fundið þannig hversu há nefndargreiðslan er. Í nokkrum sveitarfélögum er gerður greinarmunur á nefndum og eru umfangsmiklar nefndir með hærri greiðslur en almennt gerist.

Áhugavert er að skoða laun stjórnarmanna í skráðum félögum til samanburðar við bæjarráð og bæjarstjórn annars vegar sem og formenn stjórna, forseta og formann bæjarráðs hins vegar.

Töluverður munur er á launum stjórnaformanna og formanna sem og forseta hjá sveitarfélögum en mun minni munur hjá almennum stjórnarmönnum vs bæjarstjórnar- og bæjarráðsmönnum.

Þegar horft er á laun bæjarfulltrúa vs launavísitölu árin 2014 og 2016 eins og meðallaun eru gefin upp frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga má sjá að ekki er mikil munur þar á milli, eða um 1,5%.

Sjá nánar þróun og samanburð **viðhengi 2**

Niðurstöður og tillögur

Niðurstöður

Greiningin sem saman stendur að viðtölum við bæjarfulltrúa, könnun á meðal þeirra og tölur frá öðrum sveitarfélögum ásamt öðru, gefur nokkuð góða heildarmynd á stöðu Garðabæjar varðandi störf, starfsumhverfi og greiðslur til bæjarfulltrúa.

Það er ljóst að ef miðað er við önnur sveitarfélög af sambærilegri stærð að Garðabær er með nokkuð lægri greiðslur en meðaltal, sérstaklega þegar horft er til bæjarfulltrúanna sjálfra. Mun ítarlegri greining þyrfti að fara fram á umfangi bæjarfulltrúa annarra sveitarfélaga til að leggja mat á greiðslur. Það er ljóst að bæjarfulltrúi sem einnig er í bæjarráði er mun betur settur varðandi undirbúning en bæjarfulltrúi sem er þar ekki. Bæjarfulltrúar sem formenn eða forsetar eru með áberandi meiri skyldur enda eru greiðslur hærri til þeirra.

Eftir mikla hækkun þingfarakaups á síðasta ári breyttu öll viðmiðunarsveitarfélög viðmiðunum sínum og teystu sér ekki í hækkunir sem voru samfara hækkun þingfarakaups. Akureyri og Kópavogur voru með sambærilega útreikninga, miðuðu við launavísitölu frá 2006 og fundu þannig grunnviðmið sem núna er farið eftir.

Flestir eru sammála að gera megi meiri greinarmun á nefndum enda sé mikill munur á umfangi þeirra.

Nokkrir bæjarfulltrúar fá síma, tölvu, jafnvel nettengingu heima frá vinnuveitanda enda er hægt að sjá mismun á svörum í þessu sambandi.

Aðstaða fyrir bæjarfulltrúa til að hittast, nefndu nokkrir sem þyrfti að bæta. Ekki var þó verið að ætlast til þess að aðstaða væri til frambúðar, einungis eftir þörfum.

Tillögur

Neðangreint er sett fram eftir greiningu og er vonandi að endurspegla umfang, samanburð við önnur sveitarfélög og ætti að myndast sátt um. Fleiri hugmyndir koma fram í skýrslu. Ítreka skal að neðangreint eru eingöngu tillögur og hugmyndir sem þarf að skoða og greina nánar.

1. Tengja laun bæjarfulltrúa við launavísitölu
2. Finna grunninn miðað við þingfarakaup í maí 2006 (greiningar ýmissa hópa í Saleksamkomulagi miðuðu við 2006) Horfa á launavísitölu á upphafstímanum, margfalda síðan með hækkun launavísitölu og vinna svo áfram með þá vísitölu.
3. Skoða prósentu viðmið fyrir mismunandi hópa (bæjarstjórn, forseta, bæjarráð, formann bæjarráðs, formenn nefnda, nefndarmenn), hvað er greitt fyrir hvern hóp. Nálgað sem mest viðmiðunarsveitarfélög.
4. Horfa til að greiða mismunandi eftir umfangi, hlutverki og ábyrgð nefnda.
5. Greiða sérstaklega fyrir umfangsmiklar skammtímanefndir/hópa/ráð, ákvörðun tekin í hvert sinn sem þannig nefnd er sett á fót (dæmi: afmælisnefnd, verðlaunaneftndir, hópar sem skoða ákveðin atriði innan sveitarfélags ofl.). Mikilvægt þó að setja skýran ramma. Dæmi um áhugaverðan ramma eru reglur sem Akureyrarbær setti. **Viðhengi 3.**
6. Skoða viðbótarhlunnindi vegna síma og/eða símakostnaðar og nettengingu heima ef óskað er eftir því.

Lokaorð

Tilgangur verkefnisins var að bæjaryfirvöld Garðabæjar geri sér betur grein fyrir störfum og starfsumhverfi bæjarfulltrúa og átti sig betur á umfangi starfsins og mismunandi kröfum í ólíkum hlutverkum. Með greiningarvinnu og samanburðartölum ættu bæjaryfirvöld að geta betur gert sér grein fyrir stöðunni, samanburði og ættu síðan að geta tekið ákvörðun um framhaldið. Það er von okkar að vinna þessi nýtist til upplýstari ákvörðunar.

14. ágúst 2017

f.h. Strategíu

Margrét Sanders,
meðeigandi og ráðgjafi
Netfang: margret.sanders@strategia.is
GSM: 863 9977